

59. fundur Íþróttá- og æskulýðsnefndar 8. mars 2016 kl. 17

Mættir eru:

Magnús I. Bæringsson

Sigfús Magnússon

Rósa Indriðadóttir

Agnes Helga Sigurðardóttir

María Kúld Heimisdóttir

Gunnlaugur Smáráson

Fresta varð umræðu um fjölskyldukort í sundlaug Stykkishólms vegna veikinda

Rætt um aðgerðir vegna dekkjakurls á gervigrasvöllum. Í erindi skólanefndar Stykkishólmsbæjar kemur fram að nefndin telur það brýnt að ekki sé tekin nokkur áhætta með heilsu barna eða annarra íþróttaiðkenda. Ef grunur leikur á að efnin séu skaðleg eigi börnin að njóta vafans og viðkomandi efni verði því bannað sem undirlag á gervigrasvöllum eða leikvöllum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á skaðsemi kurlsins hafa ekki sýnt fram á ótvíræðar niðurstöður. Nefndin leggur ekki til að vellinum verði lokað hins vegar tekur Íþróttá- og æskulýðsnefndin undir orð skólanefndar, hvetjum þjálfara og aðra sem koma að starfi með börnum til að nota völlinn síður þar til frekari niðurstöðum hefur verið náð. Nefndin leggur einnig til að fylgst verði með aðgerðum í öðrum sveitafélögum og þingsályktunartillögum þar til ákveðið verði með framhaldið.

Rætt um endurskipulagningu á ungmennaráði.

Rætt um næsta fund þar sem boðaður verður hópur einstaklinga sem koma að íþróttá- og æskulýðsstarfi, ráð úr grunnskólanum, bæjarstjórn, til að ræða ..... stefnumótunina

Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 14. mars kl 20:00 með fulltrúum nefnda og félaga sem koma að íþróttá- og æskulýðsstarfi ásamt ungu fólki í Stykkishólmi.

Fundi slitið kl.17:50.